

Tímabil	Hæfniviðmið	Verkefni og viðfang	Kennsluefni og viðföng	Mat	Heimalestur/yfirferð
ágúst – des.	<p>Nemandi hefur tileinkað sér orðaforða til að geta lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga um margvísleg málefni.</p> <p>Nemandi getur aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum og gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum.</p> <p>Nemandi getur nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn og leiðréttingarforrit.</p> <p>Nemandi getur sýnt fram á að er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beitir máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi, skilur og notar algengustu orðasambönd daglegs máls. Kann aðferðir til að gera sig skiljanlegan.</p> <p>Nemandi getur tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf, getur bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.</p> <p>Nemandi getur sýnt fram á að hann/hún skilur og getur nýtt sér talað mál um almenn málefni í þekktum aðstæðum.</p>	<p>Vinum kafla 4, 5 og 6 í Smil á þessari önn.</p> <p>Málfræði: Tímaákvörðanir, tölurorð, helstu fornöfn, spurnarorð, nafnorð og lýsingarorð.</p> <p>Ritun: stuttar frásagnir og stílar til að festa þekkingu í málfræði.</p>	<p>Smil, læsebog (lesbók) – Smil opgavebog A og B (verkefnabók).</p> <p>Málfræði: Efni frá kennara.</p> <p>Ritun: efni frá kennara.</p>	<p>Nemendur taka lesskilningpróf eftir hvern kafla í Smil.</p> <p>Nemendur taka kannanir/próf í málfræði.</p> <p>Metin ritunarverkefni.</p>	<p>Heimavinna er jöfnum höndum í lestri/textavinnu.</p> <p>Málfræði er að mestu unnin í skólanum en þarf að fara heim í vinnslu ef ekki tekst að klára í kennslustund.</p> <p>Verkefni í ritun fara bæði fram í skólanum og heima.</p>

<p>Nemandi getur tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann/hún þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur.</p> <p>Nemandi getur án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns, sagt frá og unnið verkefni.</p> <p>Nemandi getur áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra. Getur fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta.</p> <p>Nemandi getur skrifað um og brugðist skilmerkilega við því sem hlustað hefur verið á, séð eða lesið.</p> <p>Nemandi getur skrifað samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hún/hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tók á orðaforða og meginreglum málnotkunar.</p> <p>Nemandi getur sýnt fram á að hann/hún kunni nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði.</p> <p>Nemandi þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt eigin aðstæðum.</p>	<p>Hópvinnuverkefni. Kynningar.</p> <p>Hlustun.</p> <p>Jólaþema.</p>	<p>Hópvinna: Konungar og drottningar í Danmörku.</p> <p>Hlustun: æfingar í efninu Smil auk efnis úr fjölmiðlum.</p> <p>Jólaþema – mannlíf og menning.</p>	<p>Hópverkefni: Samvinna metin auk framsagnar og efnistösk metin.</p> <p>Nemendur taka hlustunarpróf.</p> <p>Jólaþema metið út frá vinnu í tímum.</p>	<p>Hópverkefni fer að mestu fram í skólanum.</p> <p>Hlustunarverkefni fara fram í skólanum.</p> <p>Jólaþema – vinna í skóla</p>
--	--	---	---	---

